



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2003
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt
Tilv:2003110002

Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. október sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Því er fljótsvarað að Bændasamtök Íslands hafa lengi talað fyrir lækkun virðisaukaskatts á matvæli og helst afnámi hans. Samtökin mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Á hinn bóginn er ástæða til að gera athugasemdir við sumt sem fram kemur í greinargerðinni. T.d. er þar vísað til könnunar norsku Hagstofunnar sem reiknaði út 69% mun á matvælaverði hér og í Evrópusambandinu árið 2000 og byggði á framreikningi nokkurra ára gamla gagna. Á sama tíma liggur fyrir könnun EUROSTAT frá árinu 2001, sem byggir á samræmdum aðferðum hagstofa í Evrópu, og sýnir Ísland 48% yfir Evrópusambandinu, en innan þess er ekkert eitt verð, og voru Danir t.d. 28% yfir meðaltalinu í þessari könnun.


Þá er vísað til neyslukönnunar Hagstofu Íslands frá 1995, sem “sýndi að meðalfjölskyldan notar 17,4% ráðstöfunartekna sinna til matvælaokaupa”. Síðan segir: “Athygli vekur að” nýrri kannanir liggja ekki fyrir.

Hið sama er að nú byggir Hagstofan þessar tölur á könnun, sem hófst árið 2000 og stóð fram á árið 2002. Samkvæmt þeim grunni var hlutfall matar- og drykkjarvara 15,2% í mars sl. en matur einn og sér 13,5%.

E.t.v. þykja þetta smásmugulegar athugasemdir, en úr því að vitnað er til talna málinu til stuðnings, er ástæðulaust annað en hafa þær sem réttastar.

Að síðustu er ítrekaður stuðningur við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson